

Nd.

921. Frumvarp til laga

um ný orkuver og nýjar orkuveitur rafmagnsveitna ríkisins.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að fela rafmagnsveitum ríkisins:

1. að reisa 2400 ha. raforkuver við Fossá í Fróðárhreppi og leggja háspennulínu þaðan til Ólafsvíkur og Sands;
2. að reisa 1500 ha. raforkuver við Gönguskarðsá við Sauðárkrók, og
3. að koma upp aðalspennistöð fyrir Voga og Vatnsleysuströnd á Reykjanesi.

2. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að taka lán fyrir hönd ríkissjóðs, að upphæð allt að sex milljónir króna, til greiðslu stofnkostnaðar þeirra mannvirkja, er um getur í 1. gr. Af þeirri upphæð má taka sem lán úr raforkusjóði samkvæmt 1. lið 35. gr. raforkulaganna allt að tveim milljónum króna, þó eigi meira en sem nemur $\frac{1}{3}$ hluta af stofnkostnaði mannvirkjanna.

3. gr.

Um stofnun og rekstur orkuvera þeirra og orkuveitna, sem um ræðir í 1. gr., fer að öðru leyti eftir ákvæðum raforkulaga, nr. 12 2. apríl 1946.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. er flutt fyrir tilmæli hæstv. atvinnumálaráðherra.

Rafmagnsveitur ríkisins hafa nú samkvæmt heimildum í lögum nr. 52 1945 komið upp aðalorkuveitu frá Sogsvirkjuninni (frá Hafnarfirði) til Keflavíkur, Njarðvíkur, Garðs og Sandgerðis og mun á þessu sumri ljúka veitum til Grindavíkur, til Selfoss, Eyrarbakka og Stokkseyrar frá Sogsvirkjuninni og til Húsavíkur frá Laxárvirkjuninni.

Nú hefur raforkumálastjóri sent ríkisstjórninni tillögur um, að á þessu ári verði hafizt handa um að reisa þau orkuver og koma upp þeim orkuveitum, sem um ræðir í frumvarpi þessu, og er áætlaður stofnkostnaður þeirra sex millj. króna. Tillögur þessar hefur raforkuráð haft til athugunar og tjáð sig fylgjandi þeim.

Ráðuneytið hefur sent tillögurnar til fjárveitinganefndar, og er það í samráði við fjárveitinganefnd, að samþykkis Alþingis fyrir framkvæmdum og heimilda til lántöku er leitað á þann hátt að leggja frumvarp þetta fyrir þingið.